

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Andrésemi Inga Jónssyni um tengingu almenningssamgangna við flugstöðvar.

1. *Hversu langt er á milli flugstöðvarbygginga flugvalla í grunnneti samgönguáætlunar og næstu strætóstopplistöðva? Er markvisst unnið að eflingu tenginga á milli flugs og strætós, notendum til hagsbóta?*

Sjá hér að neðan töflu yfir flugvelli í grunnneti og vegalengd að stopplistöð þar sem hún er fyrir hendi.

Flugvöllur	Stopplistöð	Vegalengd að stopplistöð
Bíldudalsflugvöllur	Já	0 m*
Gjögursflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Hornafjarðarflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Þórshafnarflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Vopnafjarðarflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Grímseyjarflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Reykjavíkurflugvöllur	Já	170 m
Ísafjarðarflugvöllur	Já	0 m*
Akureyrarflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Egilssstaðaflugvöllur	Já	0 m*
Húsavíkurflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Vestmannaeyjaflugvöllur	Nei	Enginn vagn
Keflavíkurflugvöllur	Já	190 m

\* Stopplistöð innan flugstöðvar

Vegagerðin vinnur að endurnýjun leiðarkerfis almenningssamgangna á landsbyggðinni samkvæmt markmiðum stefnumótunarnar *Ferðumst saman*. Í því felst m.a. að koma á öruggri tengingu á milli ferðakosta: með ferjum, flugi og almenningsvögnum.

Sérleyfi fyrir flug, almenningsvagna og ferjur eru rekin samkvæmt útboðssamningum Vegagerðarinnar sem gilda í allt að fimm ár að meðtöldum framlengingarárum. Breytingarnar þarf því að vinna samhliða endurnýjun þessara samninga sem mun eiga sér stað á næstu þremur árum.

2. *Telur ráðuneytið að staðsetning nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli sé ákjósanleg með tilliti til almenningssamgangna og aðgengis? Hvernig samræmist núverandi staðsetning stefnu ríkisins í almenningssamgöngum og umhverfismálum? Hvaða viðræður áttu sér stað við skipulagsyfirlöld varðandi möguleikann á annarri staðsetningu flugstöðvar, t.d. í nágrenni við BSÍ?*

Stutt er síðan tekin var ákvörðun um að flugstöð við Reykjavíkurflugvöll yrði áfram á sama stað. Ýmsir valkostir voru skoðaðir, þar á meðal á BSÍ-reitnum að tillögu Reykjavíkur-

borgar. Flugrekendur töldu það hins vegar lakari kost. Þá er jafnframt talið að ná megi ásættanlegri tengingu við almennингssamgöngur með núverandi staðsetningu.